



12 luku námi sem starfsþjálfar í ferðaþjónustu

Föstudaginn 29. apríl lauk hópur starfsmanna íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja námi sem starfsþjálfar á vinnustað. Í því felst að viðkomandi starfsmenn fá fagmenntun í þjálfun starfsmanna í ferðaþjónustu sem þeir munu nýta til að byggja upp og auka gæði starfsþjálfunar á sínum vinnustað. Allir þátttakendur hafa viðamikla reynslu af starfi við ferðaþjónustu og eru fulltrúar eftirfarandi fyrirtækja: Icelandair Hotels, Bílaleigan Höldur, Fosshótel, ISAVIA, Reykjavík Excursion og Landnámssetrið í Borganesi.

Námið byggir á kennsluáferðum sem hafa reynst afar vel við vinnustaðanam fullorðinna í öðrum þjónustugreinum. Beitt er aðferðum sem krefjast skapandi hugsunar, frumkvæðis þátttakenda, sjálfstrausts, greinandi hugsunar og mikillar færni í samskiptum. Námið er mótað að þörfum hvers þátttökulands þar sem farið hefur fram þarfagreining innan starfsgreinarinnar. Við undirbúning verkefnisins hér á landi kom fram mjög mikill áhugi ferðaþjónustufyrirtækja til þátttöku en mikil þörf er á faglegri og samræmdri fræðslu í hinni ört stækkandi atvinnugrein, sem ferðaþjónustan er.

Þátttakendur mjög ánægðir með TTRAIN námið

Bæði Sólmundur hjá ISAVIA og Aðalheiður verkefnastjóri gæðamála hjá Icelandair Hotels fóru af stað í námið án þess að gera sér fyllilega grein fyrir hvað þau væru að fara út í en voru sammála um að þau hefðu lært mikið í náminu.

Við lærðum hvert hlutverk starfsþjálfara er, hvernig hægt er að nýta starfsþjálfun og taka tillit til mismunandi þarfa einstaklinga, hvernig fólk lærir á mismunandi hátt. Þá lærðum við að nýta fjölbreytt tæki og tól sem hægt er að nota við þjálfun/kennslu segir Aðalheiður

Aðspurð um hvernig þau gætu nýtt sér námið í sínu daglega starfi kom fram að margar gagnlegar aðferðir til starfsþjálfunar hefðu verið kynntar auk þess að lögð var áhersla á góð samskipti og leiðir til að vinna með hrós og hópefli.

Ég er strax farinn að notast við efni um uppsetningu og tilhögun starfsþjálfunar sem kynnt var á námskeiðinu en hef að sjálfsögðu mótað það eftir mínu höfði og starfsemi okkar segir Sólmundur.

Það hve þátttakendur komu úr ólíkum áttum var mikill kostur og við lærðum heilmikið hvert af öðru auk allra þeirra aðferða og leiða sem við fengum í hendurnar til að skipuleggja þjálfun starfsmanna sem er mikilvæg bæði fyrir nýja starfsmenn og eldri sögðu þau Aðalheiður og Sólmundur.

Evrópskt samstarfsverkefni styrkt af Erasmus +

TTRAIN (Tourism training) er styrkt af Erasmus+ áætluninni, undir stjórn Rannsóknaseturs verslunarinnar og Símenntunar Háskólans á Bifröst. Einnig taka Samtök ferðaþjónustunnar þátt í verkefninu ásamt starfsmenntunarstöðvum á Ítalíu, Austurríki og í Finnlandi. Þessir aðilar hafa í sameiningu þróað námsskrá sem kennt er eftir í hverju þátttökulandi í tilraunaskyni. Eftir tilraunakennslu verður námsskráin endurbætt og námið boðið fleiri fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar um TTRAIN verkefnið má finna á heimasíðu þess www.trainingfortourism.eu, á Facebook og hjá verkefnisstjóra þess Emil B. Karlssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs verslunarinnar. Tölvupóstfang: emil@rsv.is og sími: 822-1203.



Útskriftarhópur tilraunakennslu TTRAIN á Bifröst.